



ársskýrsla  
Umhverfisstofnunar

2013



# Inngangur forstjóra



KRISTÍN LINDA ÁRNADÓTTIR  
Forstjóri Umhverfisstofnunar

**S**kýrsla ársins 2013 gerir upp ný markmið sem sett voru í upphafi fimm ára áætlunartímabils sem hófst í upphafi síðasta árs. Gerðar voru nokkrar breytingar á skipulagi stofnunarinnar á árinu þar sem áhersla er lögð á teymisvinnu. Við höfum trú á því að teymisfyrirkomulagið leysi ýmis vandamál eins og að mála-flokkar séu ekki háðir þekkingu eins starfsmanns og að þekking glatist ekki þegar starfsmenn hætti. Þá vonumst við til að með auknum samskiptum og samvinnu aukist starfsánægja og þróun í okkar verkum.

Við viljum horfa á árangur. Það er lykilatriði að vita hvort lög og reglur og framkvæmd á þeim sé að skila árangri eða ekki. Forsenda þess eru upplýsingar um hvort við séum á leiðinni í rétta átt eða ekki. Og þær upplýsingar eru einnig mikilvægar öðrum aðilum, s.s. almenningi, þingmönnum, hagsmunafélögum og fyrirtækjum. Miðlun upplýsinga og gegnsæi eru auk þess einn af hornsteinum árangursríks kerfis í stjórnsýslu umhverfismála. Það er mikilvægt að allir skilji hvernig kerfið virkar og hvaða árangri það er að skila.

Æskilegast er að kerfin okkar séu sem einföldust. Ekki síst í ljósi þess að sífellt eru gerðar meiri kröfur samhliða niðurskurði og færra starfsfólki. En þegar rætt er um einföldun þarf að hafa í huga að einfaldara kerfi þarf að ná jafngóðum eða betri árangri. Annars er ekki um einföldun að ræða heldur minni kröfur um árangur. Þá getur einföldun á einum stað getur aukið flækjustig annars staðar. Við munum leggja okkur sérstaklega fram um að einfalda okkar kerfi sem mest, með það að leiðarljósi að skila betri árangri. Auka þarf fjárfestingu í grænu hagkerfi sem tryggir okkur góða samkeppnisstöðu og hagvöxt til framtíðar. Við þurfum að vinna meira með fólki en ekki bara fyrir það til að ná árangri. Það er tímafrekt en við höfum trú á að það muni skila meiru til lengri tíma litið. Við þurfum að leyfa okkur að fjárfesta í byrjun sem svo sparar okkur til framtíðar.

## Þegar rætt er um einföldun þarf að hafa í huga að einfaldara kerfi þarf að ná jafngóðum eða betri árangri.

## Samkvæmt úttekt IMPEL á eftirliti stofnunarinnar með mengandi starfsemi er stofnunin leiðandi í Evrópu hvað varðar miðlun upplýsinga í kjölfar eftirlits.

## Árið 2013 var Umhverfisstofnun rúmlega tvöfalt meira í fjölmiðlum en 2009.

## Árið 2008 voru fjögur fyrirtæki á Íslandi með Svansvottun og vöruúrval í verslunum takmarkað. Í lok árs 2013 voru Svansvottuðu fyrirtækin orðin 26.

## Svartími almennra fyrirspurna fór úr ellefu dögum niður í tæpa tvo daga á einu ári.

## Samskipti við fólk í heimabyggð, hvort sem um er að ræða í nágrenni við friðlýst svæði eða mengandi starfsemi, skipta okkur miklu máli.

Við höfum eftirlit með ákveðnum mengandi fyrirtækjum og viljum veita þeim gott aðhald til að draga sem mest úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Það er okkar hlutverk að gæta þess. Við gerðum miklar breytingar á eftirlitinu okkar frá 2008-2010 sem komu að fullu til framkvæmda árið 2011. Síðan þá hefur frávikum fækkað um rúmlega helming. Það þýðir að 2013 voru rúmlega 100 færri tilfelli þar sem fyrirtæki fylgdu ekki þeim kröfum sem til þeirra voru gerð en annars hefði verið. Það er stórt stökk á aðeins þriggja ára tímabili. Þá eru fyrirtækin líka miklu fjótari að bæta úr frávikum. Ríkisendurskoðun gerði úttekt á eftirliti stofnunarinnar með sorpbrennslum í kjölfar díoxín málsins og skilaði eftirfylgniskýrslu í byrjun árs 2014 þar sem engar frekari athugasemdir eru gerðar.

Stofnunin setti sér það markmið árið 2008 miðla meiri upplýsingum til almennings um sín störf og umhverfismál almenn. Við leggjum mikla áherslu á gegnsæi og forðumst ekki opinbera umræðu, jafnvel þótt á móti blási. Samkvæmt úttekt IMPEL á eftirliti stofnunarinnar með mengandi starfsemi er stofnunin leiðandi í Evrópu hvað varðar miðlun upplýsinga í kjölfar eftirlits. Árið 2013 var Umhverfisstofnun rúmlega tvöfalt meira í fjölmiðlum en árið 2009. Við fögnum því. Bæði hefur aukist fréttaumfjöllun sem og dægurmálaumræða um umhverfismál. Heimsóknunum á vefsíðu stofnunarinnar fjölgaði um rúm 35% í kjölfar þess að við opnuðum nýja vefsíðu árið 2011. Við tökum virkan þátt í umræðunni og ætlum okkur að gera enn betur. Umhverfismál er sá málaflökkur sem hefur vaxið hvað mest á undanförunum áratugum og á eftir að vaxa enn meir. Meðvitund um neikvæð umhverfisáhrif, t.d. loftslagsbreytingar og slæm loftgæði, hefur aukist umtalsvert. En önnur mál á borð við kokteíláhrif og græna ferðaþjónustu eru nýkomin inn í umræðuna.

Við leggjum áherslu á að fólk dragi úr neyslu, endurnoti og endurvinni. Regla númer eitt er að hugsa sig alltaf tvisvar um áður en keypt er. Önnur leið til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af neyslu og framleiðslu eru umhverfsvottanir á borð við Svaninn. Framleiðendur og neytendur sem velja Svansmerka vöru eða þjónustu eru að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar framtíðar. Umhverfisstofnun hefur umsjón með norræna umhverfismerkinu Svaninum og árið 2008 voru fjögur fyrirtæki á Íslandi með Svansvottun og vöruúrval í verslunum takmarkað. Í lok árs 2013 voru Svansvottuðu fyrirtækin orðin 26. Það er rúmleg sexföldun fyrirtækja. Stór hluti prentiðnaðar á Íslandi er Svansvottaður og við vonumst til að sjá fjölmörg fyrirtæki slást í hópinn á næstu árum.

Friðlýst svæði og Þjóðgarðar á Íslandi eru nú yfir 110 talsins og eru flest þeirra í umsjón Umhverfisstofnunar. Á undanförunum árum hefur heilsársstarfsmönnum sem hafa umsjón með friðlýstum svæðum úti á landi fjölgað úr þremur í sjö. Samhliða því höfum við bætt við fjórum nýjum starfsstöðvum úti á landi. Samskipti við fólk í heimabyggð, hvort sem um er að ræða í nágrenni við friðlýst svæði eða mengandi starfsemi, skipta okkur miklu máli. Svæðunum okkar er betur sinnt með því að hafa heilsársstarfsmenn í nágrenni við þau fremur en að ráða nær eingöngu inn tímabundna starfsmenn yfir sumartímann. Ísland hefur að geyma fjölmargar einstakar náttúruperlur og ósnortin svæði sem við berum mikla ábyrgð á að varðveita. Sem betur fer hefur auknu fjármagni verið veitt til uppbyggingar á svæðunum á undanförunum árum. En betur má ef duga skal og vonumst við til þess að ný gjaldheimta muni skila þeim fjármunum sem þarf til að halda áfram uppbyggingu á friðlýstum svæðum.

Ísland er auðugt af vatni og almennt talið að ástand vatns sé gott. Miklu máli skiptir fyrir viðskipti, ímynd og umhverfisgæði landsins að geta sýnt fram á að svo sé þar sem hér á landi er ýmis starfsemi sem getur valdið álaga á vatni. Síðan 2011 og áfram næstu árin fer fram greining á því hver staðan er í raun og grundvallast sú vinna á aðferðarfræði sem er sambærileg milli landa Evrópu. Vinnan stuðlar að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Næsta verkefni er heildstæð vöktunaráætlun fyrir landið allt og vonast ég til þess að fjármagn fái til að ljúka verkefnum hratt og örugglega. Enda umtalsverðir hagsmunir í húfi.

Við erum með ISO 9001 vottað gæðakerfi sem gætir þess að allir verkferlar séu skýrir og að farið sé eftir bókinni. Fylgst er náið með tölfraði um starfið okkar, t.d. um hversu hraða þjónustu við veitum. Þar höfum við náð þeim árangri að svartími almennra fyrirspurna fór úr 11 dögum niður í innan við tvo á einu ári. Afgreiðslutími leyfa og erinda hefur styst en þar viljum við ná enn betri árangri á næstu árum. Við viljum bæta þjónustu stofnunarinnar umtalsvert og næstu skref í því er aukin rafræn þjónusta. Stærstur hluti okkar þjónustu á að verða aðgengilegur í gegnum „mínar síður“ á vefnum okkar innan skamms. Þar getur fólk sótt þá þjónustu sem við veitum og fylgst með framgangi sinna mála á einfaldan hátt. Við höldum reglulega samráðsfundi með hagsmunaaðilum og opna fundi í aðdraganda stærri ákvarðana. Umhverfisstofnun er með starfsstöðvar á átta stöðum úti á landi og nær öll ný störf auglýst án staðsetningar sem gefur okkur færi á að auka tengsl um allt land.

Við erum að fara kerfisbundið yfir okkar skyldur og árangur með það að leiðarljósi að ná betri árangri. Ef við sjáum möguleika á því að ná sama eða betri árangri með einfaldari hætti fyrir okkur eða aðra að þá stendur ekki á okkur í því. Við ætlum okkur að ná enn betri árangri.

*Kristín Linda Arnadóttir*



# Mannauðsmál

SIGRÚN VALGARÐSDÓTTIR  
Starfsmannastjóri  
Umhverfisstofnunar



Árið 2013 einkenndist að miklu leyti af breytingum í kjölfar stefnumótunar og nýs skipurits, sem tók gildi frá 1. mars. Sviðum fækkaði um eitt og skipað var í hlutverk 12 teymisstjóra nýrra þverfaglegra teyma.

Við árslok voru starfsmenn Umhverfisstofnunar 80, 45 konur og 35 karlar, í 77,1 stöðugildi. 59 starfsmenn höfðu starfsaðstöðu í Reykjavík, 10 á Akureyri og 11 á öðrum starfsstöðvum á landinu. 26 sumarstarfsmenn voru ráðnir til starfa, 24 landverðir (14 konur og 10 karlar), fimm starfsmenn (4 konur og 1 karl) voru ráðnir í sumarstörf, þar af fjórir skv. vinnumarkaðsúræði ríkisstjórnarinnar og Vinnumálastofnunar. Tíu störf voru auglýst á árinu og var óskað eftir rökstuðningi vegna ráðningar í sjö þeirra. Starfsmannavelta var 11%.

Eitt af markmiðum varðandi símenntun starfsfólks er að allir starfsmenn sæki sér símenntun af einhverju tagi a.m.k. annað hvort ár. Á árunum 2012 og 2013 sóttu 83% starfsmanna sér símenntun í formi námskeiða.

Á árinu 2013 sóttu starfsmenn símenntun í samtals 553 klukkustundir eða tæplega 7 stundir að meðaltali, sem er heldur lægri tala en 2012. Líkt og áður sóttu konur heldur meiri símenntun en karlar eða 8 stundir að meðaltali en karlar 6,91 stund.

Starfsmannasamtöl voru haldin að venju á árinu. Vegna skipulagsbreytinga á árinu teygðist úr þeim fram eftir ári. Markmið ársins var að 90% samtala væri lokið 1. maí. Það markmið náðist ekki en á þeim tíma höfðu 66% starfsmanna farið í samtöl.

Veikindi á árinu voru að meðaltali 7,41 dagar á mann en miðgildið var 5,6 dagar. Veikindi kvenna eru heldur meiri en karla en þær voru veikar að meðaltali í 8,84 daga á árinu en karlar 5,58 daga.

Tveimur verkefnum á ársáætlun, tengdum starfsmannamálum, var lokið. Annars vegar var útbúið yfirlit yfir núverandi þekkingu starfsfólks, þ.e. hvaða prófgráðum fólk hefur lokið og eru þær upplýsingar tengdar við yfirlit yfir starfsfólk á ytri vef stofnunar. Hins vegar var tekin saman fræðsla fyrir starfsfólk um vistvænar áherslur í daglegum störfum. Var hún tvískipt, þ.e. fyrir heilsársstarfsfólk og landverði. Allt nýtt starfsfólk fær upplýsingarnar við upphaf starfs.

Til umbótaverkefna á árinu má telja að útbúið var 270° mat við val á teymisstjórum hjá stofnuninni, og unnið að grunni fyrir starfsgreiningu auk þess sem ÍSTARF-flokkun starfa var gerð í samvinnu við Hagstofu Íslands.

**Tíu störf voru auglýst á árinu og var óskað eftir rökstuðningi vegna ráðningar í sjö þeirra.**

**Tekin var saman fræðsla fyrir starfsfólk um vistvænar áherslur í daglegum störfum.**

**Við árslok voru starfsmenn 80.**





# Fjármál

**GYLFI ÁSTBJARTSSON**  
Fjármálastjóri  
Umhverfisstofnunar



**H**eildarvelta Umhverfisstofnunar er samkvæmt uppgjöri fyrir árið 2013 um 1.203 milljónir króna. Sértekjur stofnunarinnar eru um 166 milljónir króna, markaðar tekjur eru um 180 milljónir króna og aðrar rekstrartekjur eru um 34 milljónir króna.

Gjöld stofnunarinnar skiptast þannig að laun og launatengd gjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn eða 47,2%. Þar á eftir koma aðkeypt þjónusta (15,7%), tilfærslur (13,6%), og húsnæðiskostnaður (13,4%). Tilfærslur eru að langmestu leyti greiðslur til landeigenda vegna arðs af hreindýraveiðum, styrkir úr veiðikortasjóði og endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða.

Gjöldin hækka nokkuð milli ára og skýrist það að mestu leyti af verðlagsbreytingum og sammingsbundnum launahækkunum. Ennfremur jukust framlög til framkvæmda á friðlýstum svæðum.

Tekjur hækka nokkuð milli ára og skýrist það að mestu af innheimtu krafna frá árinu 2012 auk gjaldskrárhækkana.

Tekjuafgangur ársins er óvenju hár og skýrist það að mestu af þrennu: Í fyrsta lagi frestun verkefna við framkvæmdir á friðlýstum svæðum vegna tímafreks undirbúnings, s.s. deiliskipulags. Í öðru lagi frestun verkefnis um refaveiðar vegna undirbúnings og skipulagningar verkefnisins. Þessir tveir liðir skýra um 90 m.kr. af tekjuafganginum. Í þriðja lagi var í rekstraráætlun gert ráð fyrir um 30 m.kr. afgangi til að rétta af stöðu

stofnunarinnar. Reyndin varð sú að

afgangurinn varð um 38,5 m.kr.

Geta ber þess að uppgjörið sýnir ekki raunsanna mynd af stöðu stofnunarinnar að því leyti að höfuðstóll sem fluttur er milli ára inniheldur ýmis verkefni sem frestað hefur verið þó svo fjárveitingar til þeirra séu að nokkru komnar fram. Má þar m.a. nefna 11 milljónir króna

vegna undirbúnings byggingar gestastofu


í Snæfellsjökulþjóðgarði, 20 milljónir króna vegna

undirbúnings opnunar Hornstrandastofu og 16 milljónir


króna vegna undirbúnings opnunar Látrastofu.

Á meðfylgjandi skífuriti má sjá skiptingu gjalda ársins 2013 á rekstrarliðum Umhverfisstofnunar.

## TEKJUR



## REKSTRARKOSTNAÐUR



**Í rekstraráætlun var gert ráð fyrir um 30 m.kr. afgangi til að rétta af stöðu stofnunarinnar. Reyndin varð sú að afgangurinn varð um 38,5 m.kr.**



# Grænt bókhald

ÁSTRÍÐUR E. JÓNSDÓTTIR  
Gæðastjóri  
Umhverfisstofnunar



Umhverfisstofnun vill vera til fyrirmyndar í umhverfismálum í allri starfsemi sinni. Umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001) var innleitt árið 2010. Þar með voru lagðir grunnstoðir starfsins en áherslur breytast svo milli ára. Á árinu erum við sérstaklega ánægð með árangur okkar í úrgangsmálum, aukningu hjólareiðasamninga og innleiðingu á nýrri prentþjónustu með umhverfisvænni vaxprentþylkjum.

**Heildarmagn úrgangs frá Suðurlandsbraut 24 dróst saman um 1247 kg samanborið við árið á undan þrátt fyrir fjölgun ársverka.**

Töluverður árangur varð í úrgangsmálum stofnunarinnar á árinu þar sem heildarmagn úrgangs frá Suðurlandsbraut 24 dróst saman um 1247 kg samanborið við árið á undan þrátt fyrir fjölgun ársverka úr 55 upp í 57. Magn úrgangs á hvert ársverk lækkar því milli ára úr 118 kg niður í 93 sem er 19 % samdráttur.

Jákvæð teikn eru á lofti og þar sem einnig náðist sett markmið um hlutfall óflokkaðs úrgangs og umsýsla vegna losunar hefur verið bætt.

Starfsmönnum býðst að gera hjólreiðasamning við stofnunin, sem er hluti af átaki um að auka notkun

umhverfisvænni samgöngumáta. Mun fleiri starfsmenn voru á slíkum samningum á árinu, eða alls 13 starfsmenn samanborið við fjóra starfsmenn árið á undan.

**Tilkoma nýrra prentara er meginástæða góðs árangurs í samdrætti í innkaupum á prentþylkjum, frá 0,6 prentþylki á stöðugildi 2012 niður í 0,3 hylki á stöðugildi árið 2013.**

Tilkoma nýrra prentara vegna innleiðingar nýrrar prentþjónustu er meginástæða góðs árangurs í samdrætti í innkaupum á prentþylkjum, frá 0,6 prentþylki á stöðugildi 2012 niður í 0,3 hylki á stöðugildi milli ára. Nýja prentlausnin leyfir okkur að fylgjast betur með útprentun sem og möguleika á betri stýringu.

Aðrar niðurstöður sem má nefna er að skráning græns bókhalds gefur okkur góða mynd af orkunotkun. Til að mynda getum við séð hversu stór hluti snjóbræðslan er af heildarnotkun. Mikil rafmagnsnotkun á 5. hæðinni endurspeglar þá staðreynd að mötuneyti stofnunarinnar er staðsett á þeirri hæð með tilheyrandi

orkufrekum tækjabúnaði. Að lokum má nefna að að þrátt fyrir að Umhverfisstofnun reki starfsemi út um allt land og að ferðalög séu nauðsynlegur hluti af vinnu fjölmargra starfsmanna að þá fækkaði flugferðum milli ára; meðaltalstími ferða innanlands og erlendis hefur lækkað frá árinu 2012 úr 12 klst í tæpar tíu árið 2013.

**Magn úrgangs á hvert ársverk lækkar því milli ára úr 118 kg niður í 93 sem er 19 % samdráttur.**

Heildarlosun CO2 árið 2013 var 6,95 á hvert stöðugildi. Mikil áhersla er lögð á fjarfundi þegar því er við komið. Bílar stofnunarinnar eru að hluta til reknir á umhverfisvænu eldsneyti og umhverfisvænir leigubílar eru pantaðir til stofnunarinnar.



# Hreint loft og takmörkun gróðurhúsaáhrifa

Árið 2013 einkenndist að mörgu leyti að stórum uppgjörum tengdum loftslagsmálum. Í apríl skilaði Umhverfisstofnun skýrslu til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna um losun gróðurhúsalofttegunda og þróun þeirrar losunar frá árinu 1990–2011. Helsta niðurstaða þeirrar skýrslu var að losun CO<sub>2</sub> jókst um 26% á tímabilinu. Frá árinu 2008 hefur losun þó dregist saman um 13%. Má þessa minnkun einkum rekja til minni losunar frá stóriðju, að stórum hluta vegna betri framleiðslustýringar, en einnig vegna minni eldsneytisnotkunar við byggingarstarfsemi, við fiskveiðar og í samgöngum.

Samstarfshópur um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum skilaði um mitt árið úttekt á framkvæmd áætlunarinnar til umhverfis- og auðlindaráðherra. Losun hefur dregist saman eða staðið í stað í flestum geirum á tímabilinu en á móti kemur að binding kolefnis úr andrúmslofti varð minni en gert var ráð fyrir. Í skýrslunni segir að athygli vekji samfelldur samdráttur í losun frá samgöngum frá 2007, en losun þar hafi aukist verulega árin þar á undan. Verulegur samdráttur varð einnig í losun frá byggingarstarfsemi og skyldri starfsemi. Þótt efnahagsástandið skýri marga þætti í þróun losunar og kolefnisbindingar eru þó teikn á lofti um að loftslagsvæn tækni og lausnir séu að ryðja sér til rúms á sumum sviðum og má þar nefna rafvæðingu fiskimjölsværsmiðja og þróun í samgöngum. Fjöldi hjólandi vegfarenda á höfuðborgarsvæðinu hefur rúmlega tvöfaldast frá 2009 og farþegum í almenningsamgöngum hefur fjölgað. Metanbílum hefur fjölgað, en hlutfall bifreiða sem nýta aðra orkugjafa en jarðefnaeldsneyti er þó mjög lágt, eða undir 1%.

Útstreymi díoxíns hefur dregist saman um 90% frá árinu 1990. Losunin hefur verið nokkuð stöðug frá 2004 en losunin árið 2011 var sú minnsta frá 1990. Umrædda minnkun má rekja til þess að opnum brennslum fyrir úrgang hefur verið lokað. Útstreymi PAH (fjölhringa arómatískra kolvetna) jókst um 56% frá árinu 1990 þó svo að hún hafi dregist saman frá 2008. Um helming losunarinnar má rekja til iðnaðarferla og vegur málmframleiðsla, s.s. ál og járnblendi, þyngst. Aukning í slíkri framleiðslu á tímabilinu er helsta orsök aukningar á losun PAH. Sama má segja um aukna losun frá bifreiðum þar sem bílafloti landsins hefur stækkað um 143% frá 1990.

## ÞRÓUN

Aukinn iðnaður, nýjar mengunaruppsprettur og vaxandi umferð valda aukinni losun mengandi efna út í andrúmsloftið. Jafnframt aukast áhrif efnanna á heilsu fólks samfara meiri búsetu í þéttbýli. Einn af árangursvísnum um gæði lofts er styrkur svífryks (PM 10) en hinir vísarnir eru magn köfnunarefnisdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) og kolmónoxíðs (CO) í andrúmsloftinu.



Svífryk er gjarnan í umræðunni og á umferðin þar stóran hluta að máli þó svo að náttúrulegir þættir eins og eldgos og sandfök hafi sitt að segja. Ársmeðaltal svífryks (PM 10) á Grensásvegi í Reykjavík hefur farið lækkandi frá 1994 þó svo að ársmeðaltalið hafi ekki farið undir heilsuverndarmörk (20 míkrógrömm á rúmmetra) fyrr en í fyrsta skipti árið 2011 en þá var ársmeðaltalið um 15 míkrógrömm á rúmmetra. Köfnunarefnisdíoxíð er eitruð lofttegund sem myndast m.a. vegna bruna eldsneytis í vélum bifreiða. Lofttegundin myndar gul mengunarský þegar hún blandast öðrum lofttegundum.

Ásamt svífryki er köfnunarefnisdíoxíð það efni sem skerðir loftgæði hvað mest í höfuðborginni. Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) á Grensásvegi hefur farið lækkandi frá 1995 en þá var styrkur ársmeðaltals efnisins yfir heilsuverndarmörkum. Árið 2000 fór styrkurinn í fyrsta skipti undir leyfilegt ársmeðaltal, sem eru 30 míkrógrömm í rúmmetra og árið 2012 var ársmeðaltal komið niður í 19 míkrógrömm í rúmmetra.



Kolmónoxíð myndast við ófullkominn bruna eldsneytis. Undanfarin ár hefur styrkur kolmónoxíðs í andrúmslofti við helstu umferðaræðar farið minnkandi. Síðustu 10 ár hefur hæsta 8 klst. meðaltal kolmónoxíðs ekki farið yfir 3 mg í rúmmetra en heilsuverndarmörk eru 10 mg í rúmmetra. Ef heldur áfram sem horfir eru ekki líkur á að kolmónoxíð muni hafa veruleg áhrif á heilsu íbúa höfuðborgarinnar.

Ástæða þess að styrkur köfnunarefnisdíoxíðs og kolmónoxíðs hefur farið lækkandi frá 1995, þrátt fyrir aukin fjölda bíla, eru auknar kröfur um mengunarsvæðunarbúnað í bílum. Í mörg ár hafa nýir bensínbílur verið með hvarfakút og eldri bílar sem ekki hafa þennan búnað eru smám saman að hverfa af götunum.



Umhverfisstofnun fylgist með losun gróðurhúsalofttegunda og er það einmitt einn af árangursvísnum stofnunarinnar. Stofnunin skilar árlega skýrslum þar um til Skrifstofu Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem og um bindingu kolefnis. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hefur á síðustu 24 árum aukist og munar mestu um aukningu í losun frá samgöngum og iðnaði. Aðrir þættir eins og losun frá úrgangi, landbúnaði og sjávarútvegi hafa að mestu staðið í stað þó svo að losun frá sjávarútvegi hafi hlutfallslega lækkað. Ef ná á árangri í losun gróðurhúsalofttegunda þarf því sérstaklega að horfa til samgöngutækja og að draga úr losun frá iðnaði.



**Útstreymi díoxíns hefur dregist saman um 90% frá árinu 1990.**



**Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) á Grensásvegi hefur farið lækkandi frá 1995 en þá var styrkur ársmeðaltals efnisins yfir heilsuverndarmörkum. Árið 2000 fór styrkurinn í fyrsta skipti undir leyfilegt ársmeðaltal.**



**Ef ná á árangri í losun gróðurhúsalofttegunda þarf því sérstaklega að horfa til samgöngutækja og að draga úr losun frá iðnaði.**





# Verndun náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni

Á árinu voru þrjú ný svæði friðlýst auk þess sem breytingar voru gerðar á friðlýsingu Teigarhorns. Um er að ræða tvo fossa í Mosfellsbæ, Tungufoss og Álafoss og hins vegar fólkvang í kringum náttúruvættið Teigarhorn. Í apríl undirritaði ráðherra friðlýsingu jarðarinnar Teigarhorns sem fólkvangs. Við sama tækifæri undirritaði ráðherra endurskoðaða friðlýsingu náttúruvættisins Teigarhorns. Fyrr á árinu festi íslenska ríkið kaup á jörðinni en staðurinn er einn þekkesti fundarstaður geisla-steinna í heiminum. Þann 7. maí staðfesti ráðherra friðlýsingar Álafoss og Tungufoss og nánasta umhverfi þeirra í Mosfellsbæ. Markmið með friðlýsingunum er að treysta útivistar- og fræðslugildi svæðanna enda eru þau fjölsótt bæði af bæjarbúum og öðrum gestum. Sveitarfélagið Mosfellsbær fer með umsjón umræddra svæða.

Nýr starfsmaður var ráðinn til starfa á Suðurlandi, með starfsaðstöðu í stjórnsýsluhúsinu Miðjunni á Hellu. Helsta verkefni starfsmannsins er að sinna Friðlandi að Fjallabaki en einnig öðrum friðlýstum svæðum á Suðurlandi. Með ráðningu starfsmannsins er langþráðu takmarki náð með því að tryggja Friðlandi að Fjallabaki umsjón allt árið um kring.

Í apríl endurmat Umhverfisstofnun svokallaðan rauða lista stofnunarinnar um friðlýst svæði sem eiga á hættu að missa verndargildi sitt vegna mikils ágangs ferðamanna. Þau svæði sem stofnunin metur í mikilli hættu eru:

- » Friðland að Fjallabaki
- » Geysir
- » Helgustaðanáma
- » Reykjanesfólkvangur
- » Laugarás
- » Verndarsvæði Mývatns og Laxár

Þrjú svæði komu ný inn á listann sem stofnunin hefur nokkrar áhyggjur af (appelsínugul svæði) en þau eru Skútustaðagígar, Skógafoss og Háubakkar. Ljóst er að nauðsynlegt er að fara í töluverða uppbyggingu á innviðum umræddra svæða til að svæðin geti haldið áfram að standa undir þeim fjölda ferðamanna sem nú sækir þangað.

Í maí uppgötvuðust skemmdarverk í Hverfjalli/Hverfelli. Hafði verið málað ofan í gíginn orðið „CRATER“ með olúmálningu. Sambærileg skemmdarverk höfðu verið unnin á nálægum svæðum við Mývatn. Málið var kært til lögreglu og er það enn til rannsókna. Skemmdarverkin voru þó afmáð eins og hægt var. Á árinu var lokið við gerð verndaráætlunar fyrir Hverfjall/Hverfell. Var áætlunin unnin í samráði við landeigendur og sveitarfélag.

Á árinu 2013 voru 50 ár liðin frá upphafi Surtseyjarelda. Af því tilefni var útbúinn skjöldur um skráningu svæðisins sem einstaks staðar náttúruminja í Heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Var skjöldurinn afhjúpaður við hátíðlega athöfn þann 5. júní en þá voru liðin 46 ár frá því að Surtseyjareldum lauk.

Sjálfbodaliðar á vegum Umhverfisstofnunar unnu sem fyrr við stígagerð og önnur störf tengd náttúruvernd á friðlýstum svæðum sumarið 2013 og eru störf þeirra orðin fyrir margt löngu nauðsynlegur hluti af uppbyggingu og viðhaldi innviða á verndarsvæðum.

## ÞRÓUN


Eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar er að undirbúa friðlýsingu svæða. Flest svæði eru friðlýst annað hvort að beiðni sveitarfélaga eða landeigenda eða í samræmi við náttúruverndaráætlun. Náttúruverndaráætlun 2009–2013 rann sitt skeið í lok árs, en á árinu voru þrjú ný svæði friðlýst, þ.e. fólkvangurinn Teigarhorn og tveir fossar í Mosfellbæ, Álafoss og Tungufoss. Árið 2013 var einnig það síðasta sem unnið var að friðlýsingu samkvæmt náttúruverndaráætlun 2009–2013. Samkvæmt henni átti að vinna að friðlýsingu tólf svæða auk þeirra frá fyrri áætlun sem ekki var lokið við. Af þessum tólf tókst að ljúka friðlýsingu fimm svæða á tímabilinu. Fjöldi friðlýsinga var sá sami og á árinu 2012 en 2011 voru sex svæði friðlýst. Í dag eru fjöldi friðlýstra svæða komin í 109. Á árinu 2014 fyrirhugar Umhverfisstofnun friðlýsingu á einu svæði enda hefur verulega dregið úr framlagi ríkisins til málaflokksins.

Fjöldi sumarstarfsmanna í landvörslu jókst mikið á milli ára og árið 2013 var metár í fjölda landvarða. Landvarslan er mæld í vikum en árið 2013 var fjöldi landvarðavikna 232 vikur sem var um 13% aukning milli árana 2012 og 2013. Vegna niðurskurðar hjá Umhverfisstofnun fækkar landvarðavikum hjá stofnuninni á árinu 2014 niður í 167 vikur sem er sambærilegur fjöldi vikna og var árið 2011. Þó ber að hafa í huga að árið 2013 var ráðinn heilsársstarfsmaður til að sinna landvörslu á verndarsvæðum á Suðurlandi, en heilsársstarfsmenn eru ekki taldir með í fjölda landvarðavikna.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tryggja aukna heilsárslandvörslu enda er fjölgun ferðamanna allt árið um kring og tilkoma nýrra verndarsvæða eykur umsjónarskyldur Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur að þrátt fyrir niðurskurð í málaflokknum á árinu 2014 hafi orðið töluverð framþróun á síðastliðnum árum. Fjöldi svæða hefur verið friðlýst og aukið fjármagn hefur verið sett í landvörslu. Ljóst er að til að tryggja verndun og viðhald friðlýstra svæða þarf að koma til meira fjármagn til friðlýsinga og umsjónar náttúruverndarsvæða.


**Ljóst er að nauðsynlegt er að fara í töluverða uppbyggingu á innviðum svæða á rauða listanum.**

FJÖLDI OG FLATARMÁL FRIÐLÝSTRA SVÆÐA 1960-2010




**Á árinu 2013 voru 50 ár liðin frá upphafi Surtseyjarelda.**

FLATARMÁL ENDURHEIMTRA VOTLENDISSVÆÐA 1994-2010 (HA)




ERNIR - ÖÐUL Í ÁBÚÐ




**Á náttúruverndaráætlun 2009-2013 átti að vinna að friðlýsingu tólf svæða. Af þessum tólf tókst að ljúka friðlýsingu fimm svæða á tímabilinu.**

VINNUFRAMLAG LANDVARÐA OG SJÁLFBODALIDA



VEIÐDIR REFIR







# Hreint haf og vatn

Þann 22. mars 2013, á alþjóðlegum degi vatnsins, var haldin vísindaráðstefna um vatn og vatnsgæði á vegum Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Markmiðið með ráðstefnunni var að veita yfirsýn yfir nýlegar rannsóknir á gæðum vatns á Íslandi með áherslu á áhrif vatnsnýtingar, landnýtingar og mengunar í vatni og sjó. Að ráðstefnunni komu fimm stofnanir, auk Umhverfisstofnunar: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Háskóli Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Síndi ráðstefnan glögglega hversu margir aðilar koma að mállefnum vatnsins hér á landi og mikilvægi góðs samstarfs og samráðs milli þessara aðila.

Súrnun hafsins er mikið vandamál eins fram kom á ráðstefnu í Bergen í Noregi í. Á ráðstefnunni voru kynntar niðurstöður matskýrslu AMAP (Arctic Monitoring and Assessment Program) vinnuhóps um súrnun í Norðurhöfum. Af niðurstöðum frá ráðstefnunni má nefna að súrnun í Norðurhöfum gerist mun hraðar en búist var við, en upplýsingar og vöktunarmælingar um súrnun eru þó af skörnum skammti. Það er mismunandi eftir svæðum hversu mikil súrnunin er en afrennsli og eyðing stranda hafa áhrif á súrnunarferilinn.

Þann 27. júní barst Umhverfisstofnun tilkynning frá Landhelgisgæslu Íslands um skipsstrand við Skoreyjar á Breiðafirði. Vegna mögulegrar hættu á olíumengun frá skipinu virkjaði Umhverfisstofnun viðbragðsáætlun stofnunarinnar og sendi stofnunin bráðamengunarbúnað og starfsfólk á staðinn. Umrætt skip, Þórsnes II, sat á þurru landi er fjaraði undan því en engar verulegar skemmdir voru á skipsskrokknum. Skipið losnaði af strandsstað um kvöldið og er það var dregið á flot voru engin ummerki um að gat hefði komið á olíutanka og ekki gætti olíusmits frá skipinu.

Umhverfisstofnun barst tilkynning frá Landhelgisgæslu Íslands þann 30. október um að eldur logaði í flutningaskipinu Fernanda og var skipið þá stutt suður af Vestmannaeyjum. Vegna mögulegrar hættu á mengun fylgdist stofnunin vel með þróun málsins í samstarfi við Landhelgisgæslu Íslands. Fernanda var dregin til Hafnarfjarðarhafnar en vegna mikils reyks frá skipinu var skipið dregið á haf út og þaðan til Grundartangahafnar þar sem lokið var við slökkvistörfin og afgangsolía fjarlægð úr skipinu. Fernanda var á endanum dregin til niðurrifs í Helguvíkurhöfn enda skipið talið ónýtt.

## ÞRÓUN

Einn af umhverfisvísimum Umhverfisstofnunar sem segir til um ástand hafsins er magn PCB í þorsklifur.


PCB er samnefni fyrir efnisflokk sem inniheldur á um annað hundrað efna sem notuð voru í iðnaði, t.a.m. sem mýkingarefni í plast. Hætt var framleiðslu efnanna undir lok sjöunda áratugarins og hefur framleiðsla þeirra verið bönnuð. PCB teljast til þrávirkra efna sem brotna hægt niður í náttúrunni og safnast upp í fæðukeðjunni. Niðurstöður rannsókna benda til þess að styrkur PCB fari minnkandi í náttúrunni þ.á.m. eru tölur um styrk PCB í þorsklifur sem er nú innan allra viðmiða um heilnæmi.

Annar umhverfisvísir á ástand hafsins er styrkur kadmín í þorsklifur. Kadmín (Cd) er frumefni, málmur sem telst til þungmálma og er t.a.m. notaður í tengslum við framleiðslu tilbúins áburðar. Kadmín getur verið skaðlegt þó í litlu magni sé og haft áhrif á heilastarfsemi í fóstrum og ungvíði. Kadmín safnast fyrir í lífverum, t.d. í lifur og nýrum. Mælingar á magni kadmíns í þorsklifur gefa til kynna að styrkur þess hafi aukist frá árinu 1991 þó svo að styrkur þess hafi hlutfallslega lækkað í mælingum frá árinu 2006. Styrkurinn telst enn hár en síðustu mælingar gefa til kynna að styrkur kadmíns sé um 210 mikrógrömm í hverju kíló af þorsklifur sem er með því hæsta sem mælist.

Umhverfisstofnun vill að allt vatn á Íslandi uppfylli gædamarkmið um hreinleika og lífvænleika. Árangursvísar sem stofnunin notast við eru fjöldi vatna undir álagi annars vegar og hins vegar vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatns. Í lok ársins lauk Umhverfisstofnun við gerð stöðuskýrslu um vatn sem er fyrsta skrefið í gerð heildstæðrar vatnaáætlunar. Í stöðuskýrslunni er fjallað um skiptingu vatns í vatnshlot og vatnsgerðir, þætti sem geta valdið álagi á vatn og hvort hætta sé á að vatnshlot standist ekki umhverfismarkmið um gott ástand. Þar sem vinnja við gerð vatnaáætlunar er enn í gangi liggja ekki fyrir tölur um álagsgreiningu, en álagsgreiningin gerir grein fyrir hvaða vatnshlot eru í hættu vegna álags, að óvissa ríki um ástandið og að vatnshlot séu ekki í hættu. Annar umhverfisvísir er vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatns. Vistfræðilegt ástand miðast við lífríki vatnsins, þ.e. tiltekna líffræðilega gæðapætti, vatnsformfræðilegra gæðapætti sem styðja líffræðilegu þættina og að síðustu eðlis- og efnafræðilega þætti sem styðja líffræðilegu þættina. Efnafræðilegt ástand miðast við styrk tiltekinna mengunarefna, þungmálma og svokallaðra forgangsefna. Þegar gögnum hefur verið safnað saman um álag og vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatns ætti að verða til gott yfirlit yfir ástand vatns á Íslandi.


## Súrnun hafsins er mikið vandamál.

PCB Í ÞORSKLIFUR (MIKRÓGRÖMM Í KÍLÓ)



## Þórsnes II sat á þurru landi er fjaraði undan því en engar verulegar skemmdir voru á skipsskrokknum.

KVÍKASILFUR Í ÞORSKHOLDI (MIKRÓGRÖMM Í KÍLÓ)



## Eldur logaði í flutningaskipinu Fernanda og var skipið þá stutt suður af Vestmannaeyjum.

## Styrkur PCB fer minnkandi í náttúrunni þ.á.m. eru tölur um styrk PCB í þorsklifur sem er nú innan allra viðmiða.

## Í lok ársins lauk Umhverfisstofnun við gerð stöðuskýrslu um vatn sem er fyrsta skrefið í gerð heildstæðrar vatnaáætlunar.





# Heilnæmt umhverfi

Umhverfisstofnun vill skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á heilsu fólks og umhverfi. Á árinu tóku gildi ný efnalög, sem m.a. fólu í sér breytt hlutverk stofnunarinnar hvað varðar eftirlit með efnavörum á markaði, og hefur í kjölfarið verið unnin eftirlitsáætlun til þriggja ára. Farið hefur fram gagnger endurskoðun á framkvæmd þessa málaflökks hjá stofnuninni, reglugerðir endurskoðaðar, upplýsingagjöf til almennings og birgja aukin, samskipti við hagsmunaaðila bætt og margt fleira. Mikilvægt er að neytendur hafi góðar upplýsingar um efnainnihald varnings á markaði, og að þeim sé ráðlegt hvernig lágmarka megja snertingu við óæskileg efni í vörum. Í þessu sambandi má benda á neytendasíðu Umhverfisstofnunar, [www.grænn.is](http://www.grænn.is).

Stofnunin fékk heimsókn frá Efnastofnun Evrópu um mitt árið og af því tilefni var haldinn kynningarfundur með hagsmunaaðilum þar sem fjallað var um skyldur þeirra sem markaðssetja efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni. Einnig voru á árinu haldnir almennir kynningarfundir fyrir birgja. Stofnunin hefur haft samráð við Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu um þessa kynningarfundir.

Mikilvægt er garðeigendur láti meta þörf fyrir garðaúðun áður en til hennar kemur svo hægt sé að halda notkun varnarefna í lágmarki. Skordýraeitur drepur öll skordýr, bæði þau sem gera gagn jafnt sem hin sem valda skaða. Skordýr eru liður í fæðukeðjunni t.d. fyrir fugla, og þannig getur úðun skordýraeiturs haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Stofnunin hefur lagt áherslu á kynningu varðandi raka og myglu og haldið kynningar um málefnið. Einnig var gefin út öryggishandbók um sund- og baðstaði, sem snýr að stjórnendum og starfsfólki sund- og baðstaða og í nóvember var haldið námskeið um gerð áhættumats fyrir sund- og baðstaði, sem er ný krafa, og á áhættumatinu á ljúka á árinu 2014.

Kortlagning hávaða hefur staðið yfir síðustu ár en á árinu hófust Vegagerðin og sveitarstjórnir þær er málið varðar handa við að útbúa aðgerðaráætlanir í samræmi við kortlagningu hávaða. Fyrsta áfanga kortlagningarinnar lauk árið 2012 og tekur hún til vega með meiri umferð en sem svarar 6 milljónum ökutækja á ári. Öðrum áfanga lauk árið 2013, og náði hann til vega með umferð frá þremur til sex milljónum ökutækja á ári. Einnig hefur stofnunin lagt áherslu á hávaða í umhverfi barna.

## ÞRÓUN

INNFLUTNINGUR (KG)	2011	2012	2013
Kvikasilfur	0	0	10
Kadmíum	0	0	4
Blý (nema skotfæri)	37.084	32.687	17.649
Metanól	55.059	40.025	6831
Formaldehýð	2.576	1.593	23.856
Ammoníak	90.819	107.201	81.741

Heimild: Tollstjóri og Hagstofa Íslands


Umhverfisstofnun veitir heimild til tolláritunar fyrir ýmis leyfisskyld efni. Innflutningur á efnunum til iðnaðarnota og ýmsum eiturefnum dróst saman eftir hrun en virðist vera að aukast á ný.

Innflutningur á kvikasilfri og kadmíum er lítill en getur sveiflast mikið á milli ára því notendur eru fáir. Auk þess eru fluttar inn stórar sendingar í hvert sinn sem endast í langan tíma. Kvikasilfur og kadmíum eru eitradir þungmálmur og er notkun þeirra háð ströngum takmörkunum. Á síðasta ári samþykktu ríki heims að draga úr notkun kvikasilfurs með alþjóðlegum samningi sem kenndur er við japönsku borgina Minamata þar sem alvarlegt mengunarslys átti sér stað á 6. áratug 20. aldar. Kadmíum er til staðar í umhverfinu af náttúrulegum orsökum og reynt er að sporna gegn viðbótarálagi af mannavöldum með því að banna notkun þess í raf- og rafeindatækjum og rafhlöðum, svo eitthvað sé nefnt, og takmarka styrkleika þess í áburði.



Innflutningur á blýi hefur dregist saman undanfarin ár. Blý er þungmálmur sem er skaðlegur umhverfinu auk þess sem efnasambönd blýs eru eitruð og geta safnast upp í lífverum. Búið er að banna notkun blýs í raftækjum og ökutækjum að undanskildum rafgeymum. Blý er víða að finna í nánasta umhverfi okkar í ódýrum málmhlutum eins og skartgripum, hnöppum og sylgjum. Notkun blýs er enn gríðarlega mikil og verður væntanlega svo enn um sinn.

Þó að notkun ýmissa eiturefna sé að dragast saman á það ekki við um öll eiturefni. Notkun eiturefna eins og metanóls og ammoníaks sem notuð eru í miklu magni í iðnaði hefur aukist þó að það sjáist ekki í tölum um innflutning síðustu þriggja ára. Metanól er eiturefni sem er flutt inn í miklu magni. Innflutningur þess hefur þó dregist saman sem skýrist að einhverju leyti af því að nýlega hófst framleiðsla á því héraendis. Metanól er mest notað sem leysir í efnaiðnaði, sem eldsneyti og við framleiðslu á eldsneyti (lífdísil).


**Á árinu tóku gildi ný efnalög, sem m.a. fólu í sér breytt hlutverk stofnunarinnar hvað varðar eftirlit með efnavörum á markaði, og hefur í kjölfarið verið unnin eftirlitsáætlun til þriggja ára.**



**Gefin var út öryggishandbók um sund- og baðstaði.**



**Innflutningur á kvikasilfri og kadmíum er lítill en getur sveiflast mikið á milli ára því notendur eru fáir.**







# Sjálfbær nýting auðlinda

Umhverfisstofnun vill stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda. Markmið með veiðistjórnun er að veiðar séu sjálfbærar þannig að komandi kynslóðir geti notið þessara gæða í framtíðinni. Hvað lítur að veiðistjórnun á rjúpu hefur fyrst og fremst verið lögð áhersla á þrjár leiðir, þ.e. fækkun sóknardaga, sölubann á rjúpu og rjúpu-afurðum og biðlað hefur verið til veiðimanna að sýna hófsemi. Á árinu var fyrirkomulag rjúpnaveiða ákveðið til ársins 2015, 12 veiðidagar á ári, og er nú meiri fyrirsjáanleiki varðandi veiðarnar, komi ekkert óvænt í ljós í árlegri mælingu og rannsóknum á rjúpnastofninum.

Stofnunin sér um stjórn hreindýraveiða og var kvóti ársins 1229 dýr (623 kýr og 626 tarfar). Alls bárust 3610 umsóknir og var dregið úr innsendum umsóknum. Felld voru 1191 dýr, 600 tarfar og 591 kýr en erfiðlega gekk að koma út innskiluðum veiðileyfum undir lok tímabilsins. Framkvæmd kröfu frá árinu 2012 um að hreindýraveiðimenn standist skotpróf, áður en þeir fara til hreindýraveiða, gekk betur á árinu og var fallhlutfall á skotprófi 20% í stað 30% árið 2012. Einnig tóku veiðimenn betur við sér og fóru fyrir í prófið og voru því betur undirbúnir. Á árinu voru heimilaðar nóvemberveiðar á kúm á svæðum átta og níu. Allar kýr á svæði níu vour veiddar í nóvember en 22 á svæði átta.

Á árinu var haldin ráðstefna um rannsóknir og veiðistjórnun með aðkomu stofnunarinnar, þar sem megintilgangur var að skilgreina hugakið: stjórnun dýrastofna. Ráðstefnan var ætluð bæði lærðum og leikmönnum.

Á árinu gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út Landsáætlun um úrgang 2013- 2024. Í henni koma m.a. fram markmið varðandi aukna endurnýtingu og flokkun. Ein leið að þeim markmiðum er að umbúðir neytendavara séu rétt merktar og gerði stofnunin könnun á árinu um merkingar plastumbúða, en allar plastumbúðir eiga að bera merki sem tilgreinir plasttegund sem er nauðsynlegt fyrir skilvirka flokkun. Könnunin náði til 108 vara í sex vöruflokkum og niðurstaðan var að 78% umbúða voru merktar, en jafnframt að erlendar vörur voru oftar merktar (94%) en þær íslensku (64%). Einnig gerði stofnunin könnun á vilja sveitarfélaga og rekstraraðila sem starfa í úrgangsgeiranum til að koma á samræmdri flokkun heimilísúrgangs á landsvísu. 70% svarenda lýstu yfir vilja til að koma á samræmdri flokkun af einhverju tagi, en 30% ekki.



Á árinu var reglum er varðar tollafgreiðslu raf- og rafeindatækjaúrgang breytt, og háð aðild að skilkerfi, þó skylduáætlun að skilakerfi hafi verið á síðan 2009. Þetta er gert til að tryggja að ekki sé mögulegt að flytja inn raf- og rafeindatækja í atvinnuskyni nema fyrir liggi ábyrgð viðkomandi framleiðanda eða innflytjanda. Breytingin hefur óveruleg áhrif á innflutning eindaaðila. Í þessu sambandi stóð stofnunin m.a. fyrir kynningarfundum um breytt fyrirkomulag við tollafgreiðslu.

## ÞRÓUN

Eitt af markmiðum stjórnvalda varðandi úrgang og meðhöndlun hans er að draga úr myndun úrgangs. Á árunum fram til 2008, jókst magn úrgangs, en samfara hrúni íslenska efnahagskerfisins, dróst verulega úr myndun úrgangs frá árinu 2009. Frá árinu 2011 hefur þróunin aftur snúist við og lítilsháttar aukning orðið í myndun úrgangs hér á landi. Þekkt er áhrif hagvaxtar á aukningu úrgangs. Ein helsta áskorun hins vestræna heims er að aftengja samspilið þar á milli. Frá árinu 2005 hefur dregið nokkuð jafnt og þétt úr urðun úrgangs hér á landi, á sama tíma og endurnýting úrgangs hefur aukist. Það er jákvæð þróun og stuðlar að minni hráefnanotkun



Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, sem liggur fyrir Alþingi og áætlað er að verði samþykkt á árinu 2014, er lagt til að umhverfis- og auðlindaráðherra gefi út almenna stefnu um úrgagnsforvarnir til tólf ára, byggða á tillögu Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun skal við gerð tillögunnar hafa viðtækt samráð við hagsmunaaðila. Ljóst er að á næstu árum og áratugum verður aukin áhersla lögð á að draga úr myndun úrgangs. Mikil gerjun á sér stað í þessum málaflokki og sem dæmi má nefna aukna umræðu undanförunum árum um að draga úr óþarflega mikilli notkun umbúða og búast má við löggjöf á næstu árum, sem lýtur að því að takmarka notkun á einnota plastpokum, til dæmis með banni við notkun þeirra, takmörkunum eða skattlagningu.

**Á árinu var fyrirkomulag rjúpnaveiða ákveðið til ársins 2015, 12 veiðidagar á ári, og er nú meiri fyrirsjáanleiki varðandi veiðarnar, komi ekkert óvænt í ljós í árlegri mælingu og rannsóknum á rjúpnastofninum.**



**Á árinu gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út Landsáætlun um úrgang 2013-2024.**

**Fallhlutfall á skotprófi var 20% í stað 30% árið áður.**







# Grænt Samfélag

Umhverfisstofnun vill taka skref í átt að grænu samfélagi með áherslu á græna nýsköpun.

Stofnunin fagnar nýrri stefnu um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur sem samþykkt var á árinu, en umfang innkaupa ríkisins er um 150 milljarðar og með kaupmætti sínum og eftirspurn getur ríkið haft gríðarleg áhrif á þróun á markaði, á vöru- og þjónustuframboð og verið drifkraftur nýsköpunar.

Umhverfisstofnun veitti þrjú ný Svansleyfi á árinu, Litróf, prentsmiðju, Farfuglaheimilinu Loft og Svansleyfi var veitt í fyrsta sinn til mótuneytis, en það var mótuneyti Landsbankans. Í árslok voru alls 26 íslensk fyrirtæki með Svansvottun og hefur fjöldi leyfa rúmlega sexfaldast frá árinu 2008. Einnig var áfram unnið með verkefnið Ágætis byrjun þar sem nýbökudum foreldrum var gefinn lítill poki með bæklingi um efni í umhverfi barna ásamt prufum af Svansvottuðum ungbarnavörum. Með kynningarstarfi sínu og verkefninu Ágætis byrjun hefur Svanurinn stuðlað að æskilegri samkeppni á grænum markaði og nauðsynlegri upplýsingagjöf til neytenda. Könnun á ýmsum málum er varðar Svaninn og umhverfismerki var framkvæmd á árinu. Þegar þátttakendum var sýnt Svansmerkið þá þekktu 77% merkið. Frá árinu 2009 hefur þetta hlutfall breyst mikið en þá sögðust aðeins 60% þekka merkið. Áhugavert er að rétt tæplega helmingur aðspurðra segjast vera jákvæðari í garð þeirra fyrirtækja sem kaupa umhverfsvottaðar vörur og þjónustu í sínum rekstri.

Ráðstefna Svansins fyrir leyfishafa og umsækjendur var haldin í nóvember 2013, þar sem megin þemað var innkaupamál og vistvæn innkaup. Þar var Innkaupanetið kynnt til sögunnar, en unnið var að stofnun þess á árinu. Hugsunin að baki Innkaupanetsins er að fyrirtæki sem vilja minnka umhverfisáhrif sín með vistvænum innkaupum verði meðlimir og í gegnum Innkaupanetið fá þau stuðning, aðhald og leiðbeiningar um hvernig hægt sé að bera sig að. Vöxtur Svansins á undanförunum árum hefur því verið einstakur og er það ekki síst áhugasömum og metnaðargörnum leyfishöfum Svansins að þakka.

Vefsíða stofnunarinnar grænn.is er annar mest heimsótti hluti heimasíðu stofnunarinnar og er augljóst merki þess að upplýsingar til almennings á mannamáli höfði til almennings. Þar er að finna aðgengilegar upplýsingar til neytenda um hvað þeir geta gert til að taka sín skref í átt að grænu samfélagi.


## ÞRÓUN

Mikil aukning hefur verið á undanförunum árum í veitingu svansleyfa hér á landi. Í árslok 2013 voru alls 26 íslensk fyrirtæki með Svansvottun og hefur fjöldi leyfa rúmlega sexfaldast frá árinu 2008. Fyrsta leyfið var veitt árið 1998. Fyrst eftir efnahagshrunið 2008 hefði mátt búast við bakslagi í veitingu Svansleyfa en raunin varð önnur og íslensk fyrirtæki sáu tækifæri í grænni markaðssetningu. Svanurinn er nú kominn á mikið flug og Umhverfisstofnun áætlað að veita allt að fimm Svansleyfi á ári, næstu árin. Á þessu ári er stofnunin að hleypa af stökkunum Innkaupanetinu, að norrænni fyrirmynd. Reynslan frá Norðurlöndum sýnir að með stofnun Innkaupanetisins aukist eftirspurn eftir vörum og þjónustu sem eru með Svansleyfi. Stofnunin vonast því til að á næstu árum bætist jafnt og þétt við fleiri Svansleyfishafar og að fyrirtæki í þeim vöruflokkum þar sem enn eru engin Svansvottuð fyrirtæki, sjái sér leik á borði og verði fyrst til að fá vottun, svo sem rekstraraðilar bílaþvottastöðva, efnalauga eða þvottahúsa ásamt framleiðendum textílvöru eða húsgagna.

Þróun í þekkingu á Svansmerkinu, hefur einnig tekið skref uppá við á liðnum árum. Þegar könnun var framkvæmd árið 2000 á þekkingu á Svansmerkinu, voru um 50% sem þekktu Svansmerkið í sjón, árið 2007 þekktu 60% merkið og á síðast ári voru 77% þátttakenda sem þekktu Svansmerkið. Þetta er mjög jákvæð þróun og afrakstur öflugis kynningarstarfs Umhverfisstofnunar síðust ára, og stefnir allt í að áfram verði aukning í eftirspurn eftir svansmerktum vörum og þjónustu.


**Vefsíða stofnunarinnar grænn.is er annar mest heimsótti hluti heimasíðu stofnunarinnar.**

FJÖLDI ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA MEÐ GRÆNT BÓKHOLD




**Umfang innkaupa ríkisins er um 150 milljarðar og með kaupmætti sínum og eftirspurn getur ríkið haft gríðarleg áhrif á þróun á markaði, á vöru- og þjónustuframboð og verið drifkraftur nýsköpunar.**

FJÖLDI SVANSLEYFA Á ISLANDI



**Í árslok 2013 voru alls 26 íslensk fyrirtæki með Svansvottun og hefur fjöldi leyfa rúmlega sexfaldast frá árinu 2008.**

HVERSU MARGIR ÞEKKA SVANSMERKIÐ?







# Samþætting og eftirfylgni

**V**ið viljum tryggja bættu framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bættu þjónustu. Jákvaðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulíf og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.

- » Skýra hlutverk og samþættingu við samstarfaðila
- » Bæta framkvæmd reglna og umbóta
- » Auka rafræna stjórnýslu
- » Bæta eftirlit með atvinnurekstri ásamt markvissri eftirfylgni
- » Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum mannvirkjagerðar
- » Samræma eftirfylgni reglna um náttúruvernd við aðferðir á sviði mengunarvarna

Rík áhersla er lögð á það í stefnu stofnunarinnar að tryggja bættu framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Í takt við það og með hliðsjón af ábendingu sem fram kom í úttekt IMPEL á mengunareftirliti var útfærð var áætlun um þjálfun og skiptingu eftirlitsmanna milli málaflokka. Markmið áætlunarinnar er að styrkja þekkingargrunn stofnunarinnar og koma í veg fyrir að tengsl eftirlitsmanna og forsvarsmanna eftirlitsskyldra skerði sýn á stöðu mengunarvarna. Þessi áætlun er tvinnuð inn í eftirlitsáætlun ársins 2014. Til að stuðla einnig að markvissari eftirfylgni laga um náttúruvernd og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum voru á árinu unnar tillögur um áherslur og forgangsröðun að því er varðar viðbrögð við refsiverðum brotum á þeirri löggjöf. Til að fylgja verkefninu eftir þarf að koma á samvinnu við lögreglu og á það raunar við um öll umhverfisbrot.

Útgefin starfsleyfi voru nokkuð færri á árinu en áætlað var. Nokkur seinkun varð m.a. á áætluðum umsóknum. Átt hefur sér stað endurskoðun á nokkrum leyfum fyrir afmarkaða starfsemi með erfðabreyttar lífverur þar sem leyfin eru nú ítarlegri en áður en að sama skapi hefur verið steypt saman nokkrum rannsóknarleyfum á vegum sömu aðila og því hefur á sama tíma átt sér stað nokkur einföldun á þessu sviði.

Veruleg fjölgun var í umsögnum um skipulagsáætlanir. Lögð er áhersla á að koma ábendingum í umsögnum um skipulag eins framarlega í ferlinu og unnt er. Áætlaðar voru 120 umsagnir en raunin varð 203 umsagnir. Framundan er eins konar prófun á árangri umsagna stofnunarinnar um aðalskipulagsáætlanir og verður áhugavert að skoða niðurstöðurnar m.a. í ljósi umfangs þessa verkefnis.

Í umhverfismálum breytist lagaumhverfið stöðugt og er því mikilvægt að gera áætlanir um framkvæmd nýrra og breyttra verkefna. Sett var upp sérstakt verklag í þessu augnamiði sem felst í því að eðli verkefnisins sé metið, mannafláþörf sem og fjármagnsþörf og gerðar séu ráðstafanir í samræmi við það mat. Annað verkefni laut að því að leggja grunn að árlegri kynningaráætlun vegna nýrra laga og reglna fyrir samstarfsaðilum. Þessu til viðbótar var gerð sérstök tillaga miðlun breytinga á reglum til eftirlitsskyldra fyrirtækja.

## ÞRÓUN

Díoxín eru meðal eitruðustu efna sem finnast í umhverfi okkar. Díoxín er þrávirkt lífrænt efni sem myndast sem aukaafurð í ýmsum ferlum, en er hvorki framleitt viljandi né nýtt á nokkurn hátt. Brennsla úrgangs hefur verið helsta uppsprettan hér á landi. Vegna eiginleika sinna safnast díoxín upp í náttúrunni.

Skammstöfunin PAH stendur fyrir „Polycyclic aromatic hydrocarbons“ eða „fjölhringa arómatísk kolvetni.“ PAH-efni myndast í tengslum við ýmiss konar iðnaðarferli en ef þau berast í lífverur geta þau valdið krabbameini og ýmsum öðrum neikvæðum áhrifum. PAH-mengun á Íslandi tengist aðallega framleiðslu á áli og járnblendi (starfsleyfi frá Umhverfisstofnun). PAH efni er einnig að finna í lífdísil.

Af þessum ástæðum hefur verið valið að fylgjast með útstreymi þessara efna sérstaklega.

Heildarútstreymi díoxíns hefur minnkað mikið á undanförunum árum, en opin brennsla úrgangs var áður fyrr algeng meðhöndlun hér á landi en hefur nú verið hætt. Þá hefur brennslustöðvum úrgangs fækkað að undanförunum. Engu að síður losnar enn eitthvert magn af díoxíni út í umhverfið á ári hverju einkum í tengslum við samgöngur og fiskveiðar.


Útstreymi PAH efna hefur hins vegar aukist um 56% frá 1990. Magn PAH ræðst einkum af framleiðslumagni, rykið er endurunnið úr hreinsivirkjum og losunin fer einkum út í gegnum kerskála.

Ánægjulegt er að sjá að meðaltal frávíka á eftirlit hefur lækkað úr hlutfallinu 1,2 frávík á hvert fyrirtæki niður í 0,7 frávík á hvert fyrirtæki milli árána 2012 og 2013. Mest munar þar um mikla fækkun frávíka hjá úrgangs- og efnamóttökum en minni breytingar í öðrum flokkum. Umhverfisstofnun væntir þess að fjöldi frávíka muni áfram fækka á komandi árum. Stofnunin hefur eftirlit með um 130 fyrirtækjum sem fá eftirlit í samræmi við ákvæði starfsleyfis.


Öllum frávíkum er fylgt eftir þar til bætt hefur verið úr. Markmið Umhverfisstofnunar er að fjölga þeim fyrirtækjum sem eru án frávíks og almennt fækka frávíkum enn frekar. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á undanförunum árum hafa fyrst og fremst snúið að markvissara eftirliti og miðlun upplýsinga. Stofnunin skoðar nú önnur úrræði, þ.á.m. hvernig hvetja megi fyrirtæki til þess að ná mjög góðum árangri í því að draga úr áhrifum starfsemi á umhverfið.

Fækkun frávíka milli ára bendir til þess að þær breytingar sem ráðist var í, þar á meðal markvissari beiting þvingunarúrræða, séu að skila árangri sbr. meðfylgjandi mynd.

**Rík áhersla er lögð á það í stefnu stofnunarinnar að tryggja bættu framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni.**





**Veruleg fjölgun var í umsögnum um skipulagsáætlanir**



**Útgefin starfsleyfi voru nokkuð færri á árinu en áætlað var.**

**Heildarútstreymi díoxíns hefur minnkað mikið á undanförunum árum.**



**Meðaltal frávíka við eftirlit hefur lækkað úr hlutfallinu 1,2 frávík á hvert fyrirtæki niður í 0,8 frávík á hvert fyrirtæki milli árána 2012 og 2013.**





# Leiðandi stofnun

Á árinu var sett fram ný upplýsingastefna sem m.a. annars fól í sér hvernig samfélagsmiðlar skulu notaðir í náinni framtíð hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin leggur sem áður ríka áherslu á opna og gegnsæja stjórnsýslu og birta sem mest af gögnum á vefsvæði stofnunarinnar. Stofnunin var ein sú fyrsta í heiminum til að birta eftirlitsskýrslur frá mengandi starfsemi á heimasíðu sinni og hefur sú tilraun gengið framar vonum.

Samráð og samvinna eru hugtök sem standa stofnunni nær og á árinu voru haldnir fjölmargir samráðs- og samstarfsfundir með aðilum atvinnulífsins, umhverfis- og náttúruverndarsamtökum ásamt öðrum hagsmunahópum.

Settur var upp gagnagrunnur um alþjóðasamstarf ásamt forgangsröðun á þátttöku í samstarfi. Umhverfisstofnun ber skylda til að skila ýmsum umhverfisupplýsingum til alþjóðastofnana. Gagnaskil til alþjóðastofnana voru greind og settar fram tillögur um hvernig megi bæta skil. Ein tillagan sem komst til framkvæmda var sú að setja öll skylduskil inn í gagnagrunn og einn ábyrgðarmann fyrir hver skil sem fengi áminningarpóst sjálfkrafa úr kerfinu þegar skilin nálgudust.

Gagnagrunnur um eftirlit með mengandi starfsemi hefur nú verið í notkun í tvö ár og hefur svo sannarlega sannað gildi sitt, aukið skilvirkni og minnkað pappírnotkun.

Stofnunin tók einnig græn skref með því að gera áætlun um pappírslaut umhverfi og koma áleiðis fræðslu til starfsfólks og sumarstarfsfólks um vistvænar áherslur í daglegum störfum. Draga má úr þörf til að prenta út á pappír með því að koma upp tveimur skjám á hverja vinnustöð. Fyrstu skrefin í þessa átt voru tekin á árinu. Gerður var samningur um nýja umhverfisvænni prentara og hugbúnaður tekinn í notkun sem mælir fjölda útprentaðra blaðsíðna á hvern starfsmann. Uppgjör starfsmanns vegna ferða erlendis var gert rafrænt og þannig sparaðist ein bls. fyrir hverja ferð. Má með sannni segja að langt ferðalag byrji á einu skrefi.

## ÞRÓUN

Umhverfisstofnun hefur frá árinu 2009 sett upp verkefnaáætlun fyrir hvert ár. Fyrsta árið kom fljótlega í ljós galli á aðferðafræðinni þar sem mörg verkefni voru of háð utanaðkomandi aðilum og/eða lagasetningu. Því náðist aðeins (60%) árangur fyrsta árið sem unnið var eftir henni. Með árunum hefur aðferðafræðin batnað til muna og hefur stofnunin sett sér það markmið að klára 80% af þeim verkefnum sem fara á ársáætlun. Það markmið náðist fyrir árið 2013 eða 83%. Gagnagrunnur hefur verið settur upp til að halda utan um öll verkefni og með honum fæst góð yfirsýn yfir þá málaflokka sem verkefni beinast að og þá starfsmenn sem eru ábyrgir. Þannig er hægt að tryggja að allir málaflokkar fái einhver verkefni og ábyrgðin dreifist sem jafnast á starfsmenn.


Umhverfisstofnun lét í fyrsta skipti gera viðhorfskönnun um stofnunina árið 2012. Meðal þeirra þátta sem stofnunin lét mæla voru jákvæðni/neikvæðni, traust, þjónustustig og þekking. Mælingin árið 2013 leiddi í ljós jákvæða þróun á þremur mælikvörðum af fjórum, þar sem þekking á verkefnum stofnunarinnar stóð í stað. Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar jákvæðir í garð stofnunarinnar jókst úr 38% í 45% og minnkaði úr 20% í 12% meðal þeirra sem sögðust frekar eða mjög neikvæðir. Umhverfisstofnun er um eða yfir meðaltali allra þeirra stofnana/fyrirtækja sem hafa látið mæla sömu þætti fyrir sig. Stærstur hluti svarenda telur Umhverfisstofnun í meðallagi trausta/ótrausta eða um 58%. Þeir sem telja stofnunina mjög eða frekar trausta eru fleiri, um 28%, en þeir sem telja hana frekar eða mjög ótrausta, um 14%. Stofnunin mun halda áfram að mæla viðhorf. Vonir standa til að viðhorf í garð stofnunarinnar verði enn jákvæðara í framtíðinni samhliða bættem árangri í störfum hennar.

## MÁLSHRAÐI

VERKEFNI	MÁLSHRAÐI	FJÖLDI MÁLA	RAUNMÁLSHRAÐI	MINNSTI	LENGSTI
Orkuviðnaður - starfsleyfi	180 dagar	0			
Meðhöndlun og geymsla olíuefna - starfsleyfi	180 dagar	2	192	92	293
Málmvinnsla - starfsleyfi	180 dagar	3	21	16	30
Jarðefnavinnsla - starfsleyfi	180 dagar	0	-	-	-
Efnaíðnaður - starfsleyfi	180 dagar	0	-	-	-
Meðhöndlun skólps og úrgangs - starfsleyfi	180 dagar	4	30	0	87
Leyfi fyrir notkun erfðabreyttra lífvera	90 dagar	0	-	-	-
Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum	30 dagar	29	38	0	189
Leyfi fyrir varpi í hafid og lagningu sæstrengja	30 dagar	17	97	7	371
Leyfi fyrir myndatöku á friðlýstum svæðum og við hreiður fugla	15 dagar	30	14	0	223
Flutningstillkynning úrgangs	30 dagar	4	49	9	81
Leyfi til umferðar inn á lokuð friðlýst svæði	30 dagar	17	7	1	88
Starfsréttindaleyfi fyrir garðauðun og eyðingu meindýra	20 dagar	12	29	4	122
Innflutningsleyfi vegna CITES	15 dagar	26	11	1	72
Útflutningsleyfi og endurútflutningsleyfi vegna CITES	15 dagar	4	10	7	13
Leyfi til urðunar dýrahræja	3 dagar	10	1	0	2
Mengunarvarnaeftirlitsskýrsla með starfsleyfiskyldri starfsemi	30 dagar	144	52	6	182
Aðgangur að upplýsingum	7 dagar	26	16	0	57
Ráðningar í störf (að umsóknarfresti liðnum)	40 dagar	10	34	22	51
Rökstuðningur vegna synjunar starfs	14 dagar	10	11	9	13
Heimild til tolláritunar leyfisskyldra efna og efnablandna		90	0,4	0	3
Umsagnir um aðalskipulag	120 dagar	71	47	2	119
Umsagnir um deiliskipulag	120 dagar	137	41	-	-
Umsagnir um svæðaskipulag	120 dagar	7	47	1	175
Aðrar umsagnir	120 dagar	7	53	-	-
Mat á umhverfisáhrifum	15 - 20 dagar	54	13	0	41
Umsögn um réttindi heilbrigðisfulltrúa	14 dagar	1	35	-	-
Umsögn um undanþágu á starfsleyfi	14 dagar	23	18	5	47
Umsögn um rannsóknarleyfi á grundvelli l. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998	14 dagar	10	41	0	172


### Stofnunin var ein sú fyrsta í heiminum til að birta eftirlitsskýrslur frá mengandi starfsemi á heimasíðu sinni og hefur sú tilraun gengið framar vonum.

HLUTFALL LOKINNA VERKEFNA Á ÁRSÁÆTLUN VIB ÁRSLOK



### Gagnagrunnur um eftirlit með mengandi starfsemi hefur nú verið í notkun í tvö ár og hefur svo sannarlega sannað gildi sitt, aukið skilvirkni og minnkað pappírnotkun.

ÚRGANGUR FRÁ UMHVERFISSTOFNUN



### Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar jákvæðir í garð stofnunarinnar jókst úr 38% í 45% og minnkaði úr 20% í 12% meðal þeirra sem sögðust frekar eða mjög neikvæðir.

### Stofnunin setti sér það markmið að klára 80% af þeim verkefnum sem fara á ársáætlun. Það markmið náðist fyrir árið 2013 eða 83%.